5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40 gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 493/1992, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

Fjármálaráðuneytið, 26. apríl 1993.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

26. apríl 1993 Nr. 171

REGLUGERÐ

um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1993 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 1. flokk húsbréfa 1993. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 1. flokki 1993, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki B kr. 1 000 000,00, í undirflokki C kr. 100 000,00 og í undirflokki D kr. 10 000,00. Vextir í 1. flokki 1993 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala aprílmánaðar 1993.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. apríl 1993 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. apríl 1993.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. júlí 1994. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. apríl 1994. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. apríl 2018. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988 með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. apríl 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.